

Nd.

274. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfnni og viðauka við hana.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega og haft það til meðferðar á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála. Einn nefndarmanna (Hj. V.) vill láta frv. ganga fram óbreytt, en undirritaðir 3 nefndarmenn leggja til, að á því verði gerðar breytingar. Einn nefndarmanna (B. St.) var veikur, er frv. var til meðferðar í nefndinni. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað »með« komi: í.
2. Við 4. gr. 2. málsg. Á eftir orðinu »auðgunarglæp« komi: má færa refsing-
na niður í sektir og.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sinum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvananlegri vinnu, sem fátækrastrjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
 Nú þykir lögreglustjóri ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyr sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.
5. Við 9. gr. Í stað orðanna »að koma til staðar á vissum tímum« komi: að gefa sig fram á ákveðnum tímum.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
 Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.
 Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
 Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.
8. Við 12. gr. Í stað orðanna »Glæfraspil talin« komi: Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu.
9. Við 13. gr. Orðin »tilkynt og« falli burtu.
10. Við 14. gr. Á eftir »230—234« i 2. málsgr. komi: og 237.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, Magnús Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson.
 form. og frsm.